



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

SKRG3TE04

Skrúðgarðateikning

Kennari:	Ágústa Erlingsdóttir (agustae@fsu.is) og Heiðar Smári Harðarson
----------	--

Áfangalýsing:

Farið er í lestur og gerð helstu teikninga sem tengjast skipulagi sveitarfélaga og skipulagi einkalóða og smærri svæða s.s. útlitsteikninga, hæðateikninga, plöntuteikninga og sniða. Nemendur fá einnig æfingu í notkun á einföldu teikniforriti sem nota má við skipulag smærri svæða

Undanfari:

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Mismunandi gerðum skipulagsteikninga s.s. svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags og hvar er hægt að nálgast þær.
- Teikningum frá landslagsarkitektum af bæði stórum og smáum svæðum og í mismunandi mælikvörðum.
- Hvernig teikningar landslagsarkitekta eru uppbyggðar og hvernig þær verða til.
- Notagildi einfaldra teikniforríta s.s. SketchUp til að teikna og skipuleggja einkalóðir eða minni svæði.
- Mismunandi ítarlegum teikningum á skipulagi einkalóða eða minni svæða s.s. rissum, útlitsteikningum, hæðarteikningum, plöntuteikningum og sniðum í mismunandi mælikvörðum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Greina á milli mismunandi gerða skipulagsteikninga s.s. svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags.
- Lesateikningar frá landslagsarkitektum og greina á milli mismunandi merkinga og tákna sem notuð eru.
- Afla sér þeirra upplýsinga sem þarf til að hefja skipulag á lóð s.s. deiliskipulagsupprátt, mæliblöð og lagnateikningar.
- Rissa upp gróft skipulag lóðar.
- Teikna einfalt skipulag á einkalóð eða á minni svæðum s.s. útlitsteikningu, plöntuteikningu, hæðarteikningu og snið í mismunandi mælikvörðum.
- Nota SketchUp eða sambærilegt forrit til að teikna gróflega útlit lóðar eða minni svæða.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tengja saman upplýsingar úr skipulagsteikningum sveitarfélaga við framkvæmdir sem verið er að skipuleggja á smærri svæðum, metið með munnlegu prófi, samskiptahæfni og rökræðum.

- Tengja upplýsingar sem koma fram bæði á teikningum landslagsarkitekta og á rissum og minni teikningum við þær framkvæmdir sem munu eiga sér stað á svæðinu í raun sem metið er með munnlegu prófi, samskiptahæfni og rökræðum.
- Skilja almenn tákni og teikningar sem gerðar eru við skipulag lóða og minni svæða sem metið er með samskiptahæfni, rökstuðningi og samviskusemi.
- Skipuleggja og teikna einkalóð og minni svæði og útbúa útlitsteikningu, plöntuteikningu, hæðarteikningu og snið í tilheyrandi mælikvörðum sem metið er með frágangi, ábyrgð, útsjónarsemi og verkskipulagi

Námsefni:

Ljósrit og annað efni frá kennara.

Muna að fara eftir reglum og lögum er gilda um skipulag og framkvæmdir á einkalóðum s.s. Byggingareglugerð, Skipulagsreglugerð og Skipulags- og byggingalögum.

ÍTAREFNI: From concept to form in landscape design *eftir Grant W Reid*

Form and fabric in landscape architecture *eftir Catherine Dee*

John Brookes Garden design *eftir John Brookes*

The plant growth planner *eftir Caroline Boisset*

Planting the landscape *eftir Nancy A. Leszczynski*

Pessar bækur eru allar aðgengilegar á bókasafni skólans

Aðrar bækur um skipulag einkagarðsins sem til eru á bókasafni skólans, **kennarar hvetja nemendur að vera duglegir að skoða bækur um garðahönnun.**

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun eftir aðstæðum.

DAGS.	EFNI	STUNDIR	KENNARI
12. jan	<p>SketchUp. Kynning á teikniforritinu SketchUp sem er afar nýtsamlegt til að teikna upp garða í þrívídd. Farið verður í gegnum helstu atriði er varðar notkun á forritinu einnig verður unnið tímaverkefni.</p> <p><u>Nauðsynlegt að mæta með tölvu</u> og vera tilbúinn í að setja upp forritið og vinna í því allan daginn. Æskilegt er að vera með tölvumús til auðveldra notkunar á forritinu þar sem það er mjög erfitt að nota það eingöngu með touchpad.</p>	8	HSH
17. jan	<p>Greining á lóð. Fjallað um fyrstu skref áður en hafist er handa við að skipuleggja garð eða gróðursvæði. Fyrirlesturinn verður eingöngu í upptöku.</p>	6	HSH

	Verkefni í greiningu á lóð lagt fyrir.		
24. jan	Hugmyndavinna og hugarkort. Verkefni lagt fyrir og byrjað að vinna það. Fyrirlesturinn verður eingöngu í upptöku.	6	HSH
31. jan	Unnið áfram með hugarkort og greiningavinnu. Kennari á staðnum til aðstoðar í stofu. Hugarkortin á að vinna annað hvort í tölvu eða á A3 karton pappír. Í stofu verður hægt að nálgast blöð til þess að klippa úr.	6	ÁE
6. feb	Nemendur kynna niðurstöður greiningarvinnu.	2	ÁE
15. feb	Hönnun og skipulag einkagarðsins. Farið yfir grunnatriði í hönnun og skipulagi á görðum. Fyrirlesturinn verður eingöngu í upptöku.	8	HSH
22. feb	Snið, deili og sérteikningar. Fjallað um og sýnt hvernig á að teikna helstu sérteikningar sem gjarnan fylgja lóðaskipulagi. Fyrirlesturinn verður eingöngu í upptöku.	8	HSH
29. feb	Frágangur á teikningum fyrir kynningu, uppsetning, merkingar og fleira. Teiknvinna og kennari á staðnum til aðstoðar í stofu.	8	ÁE
6. mars	Teiknvinna. Kennari á staðnum til aðstoðar í stofu.	8	ÁE
12.mars	Kynning á hugarkortum og skipulagi einkalóðar. Hver nemandi kynnir sína lóð, hugarkort og grunnskipulag lóðarinnar. Opið fyrir spurningar frá kennurum og samnemendum.	4	ÁE
20. mars	Frágangur á teikningum fyrir skil. Kennari á staðnum til aðstoðar	4	ÁE
12. apríl	Skil á teikningum á skrifstofu.		ÁE

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
SketchUp	Verkefni unnið í teikniforritinu SketchUp	20%
Greining	Greiningarverkefni unnið í tölvu	15%
Hugmyndarvinna	Hugarkort unnið í tölvu eða á pappír	5%
Teikningar	Skipulag einkagarðs og sérteikningar, teiknað á blaði.	60%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 8. Janúar 2024